

LÖG

um breytingu á lögum nr. 50 1. júní 1984, um Lífeyrissjóð bænda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð til ársloka 1984 fast mánaðarkaup miðað við næstlægsta taxa Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu laun þessi vera 14 100 kr. á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Stjórn sjóðsins ákveður, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á viðmiðunarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði á breytingar á almennum launakjörum í landinu skal hann að fengnum tillögum frá sjóðsstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll, svo og tengingu hans við eldri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

2. gr.

Í stað „1985“ í 19. gr. laganna komi: 1989, og í stað „1986“ komi: 1990.

3. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Árin 1984—1989 skal lífeyrir, bæði samkvæmt I. og II. kafla, hvert ár miðast við viðmiðunarlaun undanfarinna fimm almanaksára.

4. gr.

2. málslíður 1. mgr. ákvæða til bráðabirgða orðist svo: Hinn 1. júlí 1984 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí og eftir það með sama hætti hvern 1. janúar og 1. júlí árin 1985—1989.

Í stað „á árinu 1984“ í 2. mgr. ákvæða til bráðabirgða komi: árin 1984—1989.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Albert Guðmundsson.